

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000 - 2012, Efra-Apavatn, Leynir I og II og Mýri í landi Snorrastaða, Bláskógabyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012 frá 22. nóvember 2001.

Breytingin felst í því að 4 svæði sem skilgreind eru sem landbúnaðarsvæði verða svæði fyrir frístundabyggð. Um er að ræða 86 ha svæði við Efra-Apavatn auk 33 ha svæðis á sömu jörð sem er þegar byggt en láðist að skilgreina sem frístundabyggðarsvæði í aðalskipulaginu, 16 ha við Leyni I og II og 12 ha við Mýri. Svæðin eru stækkun á núverandi frístundabyggðarsvæðum.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Bláskógabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 9. júlí 2003.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*